

8. gr.

93
27. maí

Vigtarnaður skal nákvæmlega hegða sjer eftir erindisbrjefi þessu, og vandlega rækja skyldur þær, er staða hans leggur honum á herðar.

Hann skrifar undir eiðspjall um það, að hann skuli með alúð og samviskusemi rækja skyldur þær, sem á honum hvíla, og hlýðnast ákvæðum þessa erindisbrjefs.

Hann er skyldur til að sætta sig við breytingar þær, er kunna að verða gerðar á erindisbrjefi þessu.

Í stjórnarráði Íslands, 27. maí 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

94
24. júní

um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins.

Samkvæmt heimild í 1. gr. bráðabirgðalaga 24. maí þ. á., um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, eru hjer með sett eftirfarandi fyrirmæli.

1. gr.

Bannað er að flytja út frá Íslandi hverskonar farm eða farmhluta, í öðrum skipum en þeim, er í ferð sinni til ákvörðunarstaðarins koma við í breskri höfn. Þetta gildir þó eigi um skip, er hjeðan fara beint til Ameríku með farm eða farmhluta, ef ræðismaður Breta hjer veitir samþykki sitt til þess.

2. gr.

Áður en skipa megi farmi þeim eða farmhluta, er í 1. gr. segir, út í skip hjeðan til útlanda, skal skipstjóri undirrita og afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans skuldbindingu um viðkomu í breskri höfn, svo sem í 1. gr. að ofan er fyrir mælt,

94

24. júní

3. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 10 þúsund krónum.

Bæði sá, er út lætur flytja og skipstjóri, án þess að ákvæðum 2. gr. sje fullnægt, skal sekur talinn við ákvæði 2. gr.

Skipstjóri, er brýtur, án alment óviðráðanlegra atvika, skuldbindingu gefna samkvæmt 2. gr., skal sæta sömu sektum.

Skip og farmur er að veði fyrir sektunum.

4. gr.

Sá, er byrjar að skipa út, án þess að slík skuldbinding sje gefin, sem í 2. gr. segir, skal sæta sektum frá 200—10000 krónum, og telst bæði sá, er út lætur skipa, og skipstjóri sekur um þetta brot.

Skipstjóri, sem án alment óviðráðanlegra atvika brýtur skuldbindingu sína, er hann gefur samkvæmt 2. gr., skal sæta sektum frá 10000—100000 krónur.

Þá er ákveðna skal sektir, skal taka hliðsjón til verðmætis þess, sem flytja skal eða flutt er í skipi.

5. gr.

Með mál útaf brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Áður en dómari úrskurði sektir, án þess að mál fari undir dóm, skal málið borið undir stjórnarráðið.

6. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Í stjórnarráði Íslands, 24. júní 1916.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson,